

Stofnsamningur sameinaðs félags Stéttarfélags verkfræðinga og Verkfræðingafélags Íslands

Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ) og Stéttarfélag verkfræðinga (SV), gera með sér samning um sameiningu félaganna í eitt félag, Verkfræðingafélag Íslands, skammstafað VFÍ. Þau ráð og þær nefndir sem starfa hjá félögunum í dag munu starfa áfram fram til þess að ný ráð og nefndir hafa verið skipuð og taka við 1. júlí 2011. Deildum og landshlutafélögum verði slitið fyrir 30. júní 2011 eftir því sem við á. Stéttarfélagi verkfræðinga verður formlega slitið á aukaáðalfundi félagsins í ágúst 2011.

1. gr.

Samningsaðilar standa að sameiningu félaga verkfræðinga undir merkjum endurskipulagðs VFÍ, sem taki við eignum, réttindum og skyldum félaganna (SV og VFÍ) frá og með 1. júlí 2011 eins og nánar er kveðið á um í stofnsamningi þessum. Aðildarfélög þessara félaga, sjóðir og sérdeildir verða hluti hins nýja félags. Nauðsynlegt verður að endurskoða reglur þeirra í tengslum við sameiningu félaganna í eitt félag.

Markmið með sameiningu félaganna er að sameina alla verkfræðinga í einu félagi og ná þannig betur að standa vörð um hagsmuni og kjör félagsmanna, ímynd stéttarinnar, gæði menntunar og starfsheitið verkfræðingur.

2. gr.

Sameiginleg skrifstofa félaga verkfræðinga og tæknifræðinga tók til starfa í ársbyrjun 2008 að Engjateigi 9, Reykjavík. Sameining félaga verkfræðinga hefur engin áhrif á rekstrarsamning félaganna við tæknifræðinga um sameiginlega skrifstofu.

Stjórn félagsins er kosin beinni kosningu fyrir aðalfund þó í fyrsta sinn á stofnfundi sbr. gr. 3.

Kjararáð og Kjarasvið hins sameinaða félags taki yfir starfsemi Stéttarfélags verkfræðinga, þar á meðal einstaklingsbundna þjónustu, kjararannsóknir, starfsþróun og þjónustu við atvinnulausa og nýútskrifaða.

Kjararáð er kosið beinni kosningu fyrir aðalfund af þeim hluta félagsmanna sem eru í launþegahluta félagsins þó í fyrsta sinn á stofnfundi sbr. gr. 3. Það fer með samningsréttinn og gerir tillögu að ráðningu sviðsstjóra kjarasviðs.

Félagið tekur við öllum gildandi kjarasamningum sem Stéttarfélag verkfræðinga hefur gert og hlutast til um gerð nýrra kjarasamninga að samningstíma þeirra liðnum. Innan félagsins starfar Kjararáð sem mun annast gerð kjarasamninga í umboði félagsins.

Fagsvið fer með menntunarmál, endur- og símenntun, réttindamál, auk málefna fagdeilda og faghópa. Menntamálanefnd mun standa vörð um menntun verkfræðinga og vera stjórn félagsins til ráðuneytis um menntamál.

KM
AÓ

Ép
JMA

Innan félagsins starfar ráð sem fer með málefni stjórnenda og sjálfstætt starfandi. Það ráð er kosið beinni kosningu fyrir aðalfund af þeim hluta félagsmanna sem tilheyra hópi stjórnenda og sjálfstætt starfandi þó í fyrsta sinn á stofnfundi sbr. gr. 3.

Útgáfu- og markaðssvið annast reglubundna útgáfu, fundi og kynningar. Útgáfa Árbókar og fréttablaðs félagsins verða á vettvangi sviðsins svo og önnur skyld verkefni. Útgáfu- og markaðssvið starfar að því að styrkja ímynd félagsins í samfélaginu m.a. með því að aðstoða félagsmenn í að verða virkir þátttakendur í þjóðfélagsumræðunni og mótandi afl í þróun samfélagsins á sviði tækni, vísinda og atvinnuuppbyggingar.

3. gr.

Stofnfundur hins sameiginlega félags verði haldinn í maí 2011. Hann verði opinn öllum félagsmönnum SV og VFÍ.

Á stofnfundi verði kosin stjórn hins sameinaða félags, formaður til eins árs og fjórir meðstjórnendur, sem verða þannig kosnir: tveir meðstjórnendur, kosnir til tveggja ára eða til aðalfundar ársins 2013 og tveir meðstjórnendur, kosnir til eins árs, eða til aðalfundar ársins 2012.

Tveir varamenn verði kosnir, annar til tveggja ára (til aðalfundar 2013), hinn til eins árs.

Kjararáð skal fyrst kosið á stofnfundi í maí 2011 þannig að formaður er kosinn til eins árs, tveir aðalmenn til tveggja ára til 2013 og tveir til eins árs 2012.

Tveir varamenn skulu kosnir annar til eins árs (til aðalfundar 2012), og einn varamaður til tveggja ára (til aðalfundar 2013).

Ráð stjórnenda og sjálfstætt starfandi skal fyrst kosið á stofnfundi í maí 2011 þannig að formaður er kosinn til eins árs og einn aðalmaður til tveggja ára (til aðalfundar 2013) og einn aðalmaður til eins árs (til aðalfundar 2012). Einn varamaður kosinn til eins árs (til aðalfundar 2012).

4. gr.

Frá og með 1. júlí 2011 ber hið sameinaða félag kostnað af sameiginlegum rekstri sem ekki tengist beint kostnaði við verklok félaganna (SV og VFÍ). Félögin bera þann kostnað.

5. gr.

Félögin geri upp eins og um hefðbundna ársreikninga væri að ræða fyrstu sex mánuði ársins 2011. Félögin beri sjálf kostnað af uppgjöri sínu miðað við 30. júní 2011, svo sem launakostnað og kostnað við endurskoðun.

6. gr.

Sjóðir félaganna greiði þjónustugjald til samrekstrar, samkvæmt samningi um sameiginlegan rekstur skrifstofu, til að standa straum af umsýslukostnaði við rekstur þeirra.

7. gr.

Sameiningarnefnd félaganna hefur gert drög að lögum fyrir hið nýja sameinaða félag. Munu löggin verða borin upp til afgreiðslu á stofnfundi þess í maí 2011.

KALL
FÓ


ÓP
HAR

Þannig samþykkt á stjórnarfundum sem haldnir voru í Verkfræðingafélagi Íslands, og Stéttarfélagi verkfræðinga og staðfestist með undirskriftum formanna og varaformanna VFÍ og SV.

Reykjavík í febrúar 2011

F.h. Verkfræðingafélags Íslands


Jóhanna Harpa Árnadóttir formaður


Egill Þórðarson varaformaður

F.h. Stéttarfélags verkfræðinga


Kári Steinar Karlsson formaður


Auður Ólafsdóttir varaformaður